

Mánudaginn 9. marz 1953.

Nr. 33/1952. **Bæjarsjóður Vestmannaeyja**

(Sigurður Ólason)

gegn

Sæfelli h/f (Gunnar J. Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Stríðsgróðaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1952. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 22.500.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 19. febrúar 1950 til greiðsludags og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 12.603.60 án vaxta og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Uppgjöf ríkissjóðs á eftirstöðvum stríðsgróðaskatts stefnda frá 1945 var gerð með því skilyrði, að áfrýjandi gæfi einnig eftir sinn hluta skattsins. Nú gerði áfrýjandi það ekki, og hefur uppgjöf ríkissjóðs því þegar af þeirri ástæðu ekki orðið gild.

Áfrýjandi hefur lagt fram í Hæstarétti yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 23. okt. 1952, þar sem lýst er yfir því, að áfrýjandi hafi ríkissjóðs vegna fulla heimild til að innheimta þann hluta stríðsgróðaskatts stefnda frá 1945, sem renna átti til áfrýjanda. Samkvæmt þessu þykir bera að taka kröfu áfrýjanda til greina, þó svo, að vextir teljist frá 28. des. 1950, sbr. lög nr. 111/1950.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði. Þar sem áfrýjandi lagði ekki fram heimildarskjal til heimtu kröfunnar fyrr en í Hæstarétti og

átti því sök á áfrýjun málsins, þykir rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð :

Stefndi, Sæfell h/f, greiði áfrýjanda, Bæjarsjóði Vestmannaeyja, kr. 22.500.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 28. des. 1950 til greiðsludags.

Málsaðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði, en áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 5. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 12. júní 1951, birtri sama dag, á hendur stjórn Sæfells h/f í Vestmannaeyjum fyrir hönd félagsins, þeim Ástþóri Matthíassyni stjórnarformanni, Sóla, Guðlaugi Gíslasyni framkvæmdarstjóra, Skólavegi 21, Tómasi M. Guðjónssyni, Bakkastíg 1, Sighvati Bjarnasyni, Ási, og Jónasi Jónssyni, Fagurlyst, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á hluta bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti félagsins fyrir árið 1945 samkvæmt skuldaryfirlýsingu framkvæmdarstjórans, dags. 19. febrúar 1950.

Stefnandi gerði þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til þess að greiða honum kr. 22.500.00 ásamt dráttarvöxtum, 1% á mánuði frá 19. febrúar 1950 til greiðsludags, en til vara 6% ársvöxtum frá 19. febrúar 1950 og til þrautavara 6% ársvöxtum frá 15. marz 1950 til greiðsludags. Svo krafðist og stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum reikningi að fjárhæð kr. 2.807.74.

Mætt var í málinu af hálfu stefnda og gerði umboðsmaður hans þær réttarkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða kr. 11.826.00 án vaxta, en til vara 6% ársvaxta frá 12. júní 1951 og til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða kr. 12.603.60, einnig án vaxta, en til vara með vöxtum frá 12. júlí 1951 til greiðsludags. Hvernig sem málið færi, krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram koma í skjölum málsins og fram komu við munnlegan flutning, eru málsatvik eftirfarandi:

Á árinu 1945 var stefnda gert að greiða í stríðsgróðaskatt kr. 126.280.00 og kr. 99.155.00 í tekjuskatt eða samtals kr. 225.435.00. Inn á skatta þessa greiddi stefndi eftirfarandi greiðslur á eftirfarandi gjaldkögum:

Kr. 25.435.00 hinn 31. desember 1945.
 Kr. 50.000.00 hinn 6. marz 1946.
 Kr. 50.000.00 hinn 9. apríl 1946.
 Kr. 50.000.00 hinn 4. júní 1946,
 eða samtals kr. 175.435.00.

Fyrstu 2 greiðslurnar voru af innheimtumanni ríkissjóðs teknar upp í tekjuskattinn og merkt við upphæðirnar með t við innfærslu í manntalsgjaldabók. Hinar greiðslurnar voru ekki auðkenndar í manntalsgjaldabók, en við uppfærslu eftirstöðva um áramót er tekjuskatturinn talinn greiddur, en eftirstöðvar stríðsgróðaskatts taldar nema kr. 50.000.00. Hinn 6. janúar 1950 var kyrretningargerð hafin hjá stefnda til tryggingar þeirri fjárhæð og tekið fram, að það væri eftirstöðvar stríðsgróðaskatts. Stefndi sneri sér þá til fjármálaráðuneytisins og fór fram á, að skatturinn yrði gefinn eftir vegna bágrar afkomu félagsins. Fjármálaráðuneytið samþykkti, að skatturinn yrði gefinn eftir, en bætti þó við eftirgjöfina því skilyrði, að bæjarsjóður Vestmannaeyja hreyfði ekki mótmælum. Framkvæmdastjóri hins stefnda félags, Guðlaugur Gíslason, leitaði þá til bæjarstjórans í Vestmannaeyjum eftir samþykki til niðurfellingar skattsins. Samþykkti bæjarstjórinn að mæla með eftirgjöf á skattinum, en þó með ákveðnum skilyrðum. Skrifaði þá framkvæmdarstjórinn undir þá yfirlýsingu og afhenti hana bæjarstjóranum. Yfirlýsingin var dagsett 19. febrúar 1950 og er svohljóðandi:

„Lýsum því hér með yfir, að við teljum, að meðmæli bæjarstjóra um eftirgjöf á eftirstöðvum af skatti félagsins fyrir árið 1945 nái ekki til hluta bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti félagsins og að félagið sé eftir sem áður skuldbundið til að standa bæjarsjóði skil á hans hluta af umræddum stríðsgróðaskatti, ef krafizt verður.

p.p. Sæfell h/f
 Guðlaugur Gíslason.“

Daginn eftir, hinn 20. febrúar 1950, gaf bæjarstjórinn út svohljóðandi yfirlýsingu:

„Að gefnu tilefni skal það fram tekið, að bæjarsjóður Vestmannaeyja mun ekki gera kröfu til ríkissjóðs um hluta af stríðsgróðaskatti frá 1945 að upphæð kr. 50.000.00 — fimmtíu þúsund krónum —, sem h/f Sæfell hefur farið fram á eftirgjöf á, ef af eftirgjöfinni verður.“

Yfirlýsing þessi var afhent bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum og samkvæmt henni voru eftirstöðvar stríðsgróðaskattsins felldar niður. Jafnframt var kyrretningargerðin, sem áður er minnst á, felld niður.

Hinn 15. marz 1950 var haldinn fundur í fjárhagsnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar. Skýrði þar bæjarstjóri frá því, að hann hefði fyrir tilmæli forstjóra hins stefnda félags mælt með því, að ríkissjóður gæfi eftir vangreiddan stríðsgróðaskatt félagsins frá 1945, enda missti bæjarsjóður ekkert af sínum hluta skattsins og lagði jafnframt fram ofangreindar yfirlýsingar. Fjárhagsnefnd lagði þá til, að h/f Sæfell yrði krafizt um

hluta bæjarsjóðs af skattinum samkvæmt yfirlýsingu framkvæmdarstjórans.

Í samræmi við þessa ályktun fjárhagsnefndar var hið stefnda félag krafði um greiðslu á hluta bæjarsjóðs af eftirstöðvunum af stríðsgróðaskattinum eða um kr. 22.500.00 (45% af kr. 50.000.00). En hið stefnda félag greiddi ekki, og var því mál þetta höfðað.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi skorti aðild til þess að fara með mál þetta, þar eð ríkissjóður eigi að innheimta stríðsgróðaskattinn og greiða síðan viðkomandi bæjarfélagi hluta þess af skattinum. Ekkert hafi heldur komið fram, sem bendi til þess, að stefnandi hafi fengið umboð frá ríkissjóði til þess að höfða málið. Varakrafa hans er byggð á því, að tvær síðari innborganir hans inn á þinggjöldin 1945 hafi átt að ganga inn á stríðsgróðaskattinn, og hafi eftirstöðvar skattsins því ekki numið kr. 50.000.00, heldur kr. 26.280.00. Þrautavarakrafan er byggð á því, að innborganir hans, kr. 175.435.00, hafi átt að skiptast hlutfallslega milli stríðsgróðaskattsins og tekjuskattsins.

Í 2. gr. laga um stríðsgróðaskatt nr. 21 frá 20. maí 1942 segir svo:

„Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignaskattur og af sömu aðiljum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er álagður og innheimtur.“

Af þessu ákvæði er ljóst, að ríkissjóði ber einum að innheimta stríðsgróðaskattinn og fara með aðild máls út af innheimtu hans og viðkomandi bæjarfélag eiga einungis rétt til að ríkissjóður standi þeim skil á vissum hluta af þeim skatti, sem innheimtur er, en eiga engan sjálfstæðan rétt á hendur skattgreiðendunum. Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi öðlast slíkan rétt með yfirlýsingu forstjóra hins stefnda félags, dags. 19. febrúar 1950 og áður er tilfærð. Telur stefnandi, að svo hafi verið, en stefndi heldur hinu gagnstæða fram. Yfirlýsing þessi er ekki alls kostar ljós. Segir þar, að félagið (þ. e. a. s. stefndi) „sé eftir sem áður“ skuldbundið til að standa bæjarsjóði skil á hans hluta af umræddum stríðsgróðaskatti, ef krafizt verður. En eins og fyrr er getið, átti bæjarsjóður ekki að lögum sjálfstæða kröfu á hendur stefnda um skil á skattinum. Telur stefndi, að í yfirlýsingunni felizt aðeins það, að fari svo, að Vestmannaeyjabær vilji ekki falla frá sínum hluta skattsins, geti stefnandi snúið sér til ríkissjóðs og krafizt þess, að hann innheimti skattinn, en alls ekki, að bærinn geti sjálfur innheimt skattinn með lögsókn á hendur stefnda. Þessi skilningur virðist geta staðist samkvæmt orðalagi yfirlýsingarinnar, og þykir því rétt að ganga út frá, að yfirlýsingin heimili stefnanda ekki sjálfstæða lögsókn á hendur stefnda. Í þessu sambandi þykir einnig bera að hafa í huga, að eftirgjöf ríkissjóðs á skattinum mun hafa verið því skilyrði bundin, að bæjarsjóður gæfi einnig eftir tilkall sitt til skattsins og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, er hann var beðinn að mæla með eftirgjöfinni. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Ástþór Matthíasson, Guðlaugur Gíslason, Tómas M. Guðjónsson, Síghvatur Bjarnason og Jónas Jónsson f. h. Sæfells h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Jóns Hjaltasonar f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. marz 1953.

Kærumálið nr. 3/1953.

Ingólfur Ketilsson

gegn

Guðfinnu Pétursdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá uppboðsrétti. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. f. m., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsréttar Reykjavíkur 2. s. m., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaðilja var vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málið dæmt að efni til og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja,